



Yfirkjörstjórn Norðvesturkjördæmis
Ingi Tryggvason, oddviti,
Kveldúlfsgötu 7,
310 Borgarnesi.

Reykjavík 25. október 2021
2110010
0.30

Efni: Utankjörfundaratkvæði sem ekki voru tekin til greina.

Líkt og yfirkjörstjórn er kunnugt um er nú að störfum undirbúningsnefnd fyrir rannsókn kjörbréfa sem gefin hafa verið út af landskjörstjórn eftir alþingiskosningarnar 25. september sl., sbr. 3. mgr. 1. gr. laga nr. 55/1991, um þingsköp Alþingis.

Undirbúningsnefndin hefur m.a. til meðferðar bókanir umboðsmanna sem gerðar voru á úthlutunarfundi landskjörstjórnar 1. október sl. Í bókun umboðsmanns J-lista Sósíalístaflokks Íslands í Reykjavíkurrkjördæmi suður segir að við yfirferð utankjörfundaratkvæða á talningarstað „... hafi stór bunki af þeim verið metinn ógildur því á þau vantaði undirskrift kjörstjóra.“ Í fyrri álitum kjörbréfanefndar 2016 og 2017 hefur verið lögð áhersla á að tryggt verði sem best að kjörstjórar sem aðstoði við utankjörfundaratkvæðagreiðsluna, einkum erlendis, hafi hlotið næga þjálfun til slíks.

Í fundargerð yfirkjörstjórnar Norðvesturkjördæmis frá 25.-26. september sl. er þess ekki getið að yfirkjörstjórn hafi fjallað um utankjörfundaratkvæði sem ekki hafi verið tekin til greina. Af ofangreindu tilefni og með vísan til 91. gr. laga nr. 24/2000, um kosningar til Alþingis, sbr. einnig 5. másl. 1. mgr. 73. gr. laganna, er óskað upplýsinga um fjölda utankjörfundaratkvæða sem ekki voru tekin til greina við alþingiskosningarnar, aðgreind eftir ástæðum þess að það var ekki gert. Jafnframt er óskað upplýsinga um eftirfarandi:

- a. Hvort ytri umslög utankjörfundaratkvæða hafi verið opnuð áður en þau bárust til kjördeilda? Ef svo, hvar?
- b. Hvort umboðsmönnum hafi verið boðið að vera viðstaddir flokkun utankjörfundaratkvæða í kjördeildir og úrskurð um ógild eða tæk utankjörfundaratkvæði, sbr. 91. gr. laga nr. 24/2000?
- c. Hvort utankjörfundaratkvæðaseðlar hafi verið fluttir til kjördeilda í óinnsigliðum kössum? Ef svo, hvar?

Þess er óskað að svör berist undirbúningsnefndinni sem fyrst en eigi síðar en við lok dags fimmtudaginn 28. október nk.

Ragna Árnadóttir

Afrit:

Guðrún Sighvatsdóttir, Ingibjörg Inga Guðmundsdóttir, Bragi Rúnar Axelsson og Katrín Pálsdóttir.

Ragna Árnadóttir

skrifstofustjóri Alþingis